



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 4. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2012
ÞRIÐJUDAGINN 9. OKTÓBER KLUKKAN KL. 10:35**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlök svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Önnur bréf

2 nemendur sækja um undanþágu frá stærðfræði. Önnur umsóknin var samþykkt en hinn hafnað.

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs. Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

Nemandi sendir inn leyfisbréf til að starfa með UNGMENNARÁÐI SAMFÉS. Samþykkt en með þeim skilmálum að viðkomandi sækir um leyfi í hvert sinn með tilgreindum dag – og tímasetningum.

Nemandi sendir inn bréf vegna skertrar tímasóknar í síðasta tíma á þriðjudögum. Samþykkt í samráði við viðkomandi kennara að nemandi fái að fara kl. 15.

2. Skólasókn og skólasóknarreglur

Yfirlit annars tímabils – 22. ágúst – 5. október lagt fram (fylgiskjal 1). Skólasókn er mjög svipuð og á haustönn 2011. Áminningarbréf voru send út í síðustu viku.

3. Félagslíf og fjármál NFFG

Þórsmerkurferðin gekk vel og var skólanum til sóma. Nemendafélagsforystan stóð sig vel.

Salsaball fyrirhugað 1. nóv. í Súlnasal Hótel Sögu. Vel tekið í fyrirspurn nemenda um að fá að skreyta skólann í vikunni á undan.

Framundan er stelpukvöld í skólanum, fótboltamót, Fifa mót ofl.

Í athugun er að panta peysur merktar nemendafélaginu. Gettu betur og Morfís komið vel af stað í undirbúningi. Opinn fundur verður í næstu viku.

4. Önnur mál

Kristni Þór Óskarsyni fulltrúa NFFG í skólaráði fram til þessa eru þökkuð góð störf.

Fundinn sátu:

Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi
Atli Guðnason fulltrúi kennara
Fríða Gyldadóttir fulltrúi kennara
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Jenna Karen Sigurðardóttir fulltrúi NFFG
Jón Þórarinn Úlfsson fulltrúi NFFG

Kristinn Þorsteinsson skólameistari
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnfulltrúi
Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir námsráðgjafi